

Vinnueftirlit			
Skjalnúmer	14060089	Áttal	
Dagur	11.09.2014	Áttal	
Staður		Áttal	
Netfang		Áttal	

Forsætisráðuneytið
Hverfisgötu 6
150 REYKJAVÍK
b.t. Skúla Sveinssonar, hdl.

Reykjavík 9. september 2014

Tilvísun: 201408-0068/0.01.01

Varðandi: Svar við erindi vinnuhóps, skipuðum af forsætisráðherra 27. júní sl., er hefur það hlutverk að fara yfir lög, reglur og stjórnábyrgð mikilvægra eftirlitsstofnana

Vísað er til erindis yðar, dags. 20. ágúst sl., þar sem þér óskið, fh. ofangreinds vinnuhóps, eftir álit Vinnueftirlitsins á því að hve miklu leyti unnið sé eftir viðmiðum um meðferð mála í samræmi við leiðbeiningar OECD og hvort þau séu talin henta sem leiðbeiningar. Að auki var óskað eftir ábendingum um hvernig megi bæta eftirlitsstarfsemi hjá stofnuninni, þ.m.t. hvort þær reglur sem hún starfar eftir séu við hæfi.

Vinnueftirlitið starfar samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, og allmörgum reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. Að auki hefur Vinnueftirlitinu verið falin verkefni á grundvelli ýmissa annarra laga og reglna svo sem efnalaga nr. 61/2013, laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og vopnalaga nr. 16/1998, ásamt viðeigandi reglna og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. Í XII. kafla laga nr. 46/1980 eru að finna helstu ákvæði er varða tilhögun eftirlits, skipulag og valdheimildir stofnunarinnar.

Markmið vinnueftirlits er að tryggja starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi í samræmi við þau lög og reglur sem um það gilda. Vinnueftirlit á Íslandi byggir á alþjóðlegum viðmiðunum sem Ísland er bundið að, má þar nefna:

- Stofnskrá og samþykktir Alþjóðavinnuábyrgðastofnunarinnar (ILO) sem að töluverðu leyti hafa verið fullgiltar á Íslandi. Má þar nefna samþykkt ILO nr. 81 um vinnueftirlit í iðnaði og verslun, samþykkt ILO nr. 128 um vinnueftirlit í landbúnaði og samþykkt ILO nr. 155 um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi.
- Tilskipanir ESB á sviði vinnuverndar sem hafa allar verið felldar inn í EES samninginn. Einkum er vísað til tilskipunar 89/391/ESB um lágmarkskröfur varðandi öryggi og heilbrigði á vinnustöðum, í daglegu tali nefnd rammatilskipunum ESB í vinnuvernd. Ennfremur viðmiðarnir ESB um framkvæmd vinnueftirlits ("Common Principles for Labour Inspection") sem sambandið leggur til grundvallar við reglubundnar úttektir á tilhögun vinnueftirlits í aðildarríkjum (leiðbeinandi, ekki hluti af EES samningnum).

- Tilskipun ESB um varnir gegn meiriháttar iðnaðarslysum af völdum varasamra efna (tilskipun 96/82/EB) og leiðbeiningar þeim tengdum, m.a. um eftirlit.
- Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.
- Félagsmálasáttmála Evrópu.

Auk þessa er heilmikið samstarf milli Norðurlandanna um þessi málefni og hefur Vinnueftirlitið tekið töluvert mið af því hvernig eftirlit er framkvæmt í þessum löndum, einkum Danmörku.

Eftirlit Vinnueftirlitsins beinist að öllum vinnustöðum á landi og felst í því að fyrirmælum um úrbætur er beint að atvinnurekendum ef vinnuumhverfið er ekki í samræmi við lög og reglur. Einnig sinnir Vinnueftirlitið markaðseftirliti með margvíslegum varningi sem hefur það sameiginlegt að varða öryggi og heilsu starfsmanna, t.d. með vinnuvélum, þrýstibúnaði og persónuhlífum. Stofnunin hefur einnig eftirlit með ráðstöfunum til varnar stórslysum vegna hættulegra efna. Vinnueftirlitið ákveður hvernig áherslum í eftirlitsstarfinu er háttað á hverjum tíma, t.d. hvaða atvinnugreinar eða áhættuþættir eru í forgangi, en eftirlitsstarfið markast einnig af þeim átaksverkefnum sem eru í gangi innan EES svæðisins.

Eftirliti Vinnueftirlitsins er hagað í samræmi við ákvæði fyrrgreindra laga sem fela stofnuninni verkefni, stjórnáslulaga nr. 37/1993 og verklagsreglna stofnunarinnar. Verklagsreglurnar eru hluti af gæðakerfi Vinnueftirlitsins og er reynt að tryggja það eins og hægt er að kröfur stofnunarinnar séu samræmdar og gagnsæjar með svonefndum vinnuumhverfisvísimum sem birtir eru á vef stofnunarinnar.

Töluverð þróunarvinna fer fram hjá Vinnueftirlitinu vegna eftirlits og mismunandi eftirlitsaðferðir hafa verið þróaðar til notkunar við mismunandi aðstæður. Mikil áhersla er lögð á eftirlit með því að atvinnurekendur hafi gert lögbundið áhættumat og áætlun um heilsuvernd byggða á áhættumatinu sem fylgt er eftir í daglegri stjórnun fyrirtækjanna.

Vinnueftirlitið telur að hlutverk stofnunarinnar komi nægjanlega skýrt fram í lögum og reglum þó ætíð megi gera betur. Þess ber að geta að Vinnueftirlitið hefur ekki laglega stöðu sjálfstæðrar eftirlitsstofnunar (því var breytt 2003) og getur því vart uppfyllt leiðbeiningar OECD hvað það varðar. Vinnueftirlitið telur sig uppfylla leiðbeiningar OECD er varðar ábyrgð og gegnsæi. Stofnunin lýtur eftirliti Velferðarráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar auk þess sem upplýsingarlög nr. 140/2012 gilda um stofnunina. Vinnueftirlitið er í reglulegum samskipum við eftirlitsaðila og hagsmunaðila, m.a. í gegnum stjórn Vinnueftirlitsins sem skipuð er fulltrúum aðila vinnumarkaðarins. Vinnueftirlitið er að mestu fjármagnað af fjárlögum en í samræmi við leiðbeiningar OECD væri æskilegra að fjármögnun yrði sjálfstæð, t.d. í gegnum tryggingargjald. Stofnunin hefur sett sér markmið um árangur í starfi m.a. með fækkun vinnuslysa og metið árangur. Gögn um vinnuslys og atvinnutengda sjúkdóma eru notuð við mótun stefnu og ákvarðanir um áherslur í eftirliti.

Ýmsir ágallar eru á þeim lögum og reglum er gilda um eftirlit stofnunarinnar og liggja margs konar tillögur að úrbótum fyrir hjá Velferðarráðuneytinu. Úrbætur vilja hins vegar dragast mjög á langinn vegna anna og mannaflaskorts í ráðuneytinu. Niðurskurður hjá Vinnueftirlitinu hefur einnig sett sitt mark á þróunarstarf og umfang eftirlits.

Þess má geta að lokum að Vinnueftirlitið tekur þátt í samstarfi OECD á sviði efnaöryggismála þar sem með setu í sérfræðinganefnd þeirra um þau málefni þar sem m.a. eru rædd viðfangsefni sem tengjast eftirliti (t.d. OECD Performance Indicators).

Undirritaður vonast til að bréf þetta svari erindi yðar en stofnunin mun að sjálfsögðu veita ítarlegri upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins



Eyjólfur Sæmundsson